

# Íslenskur iðnaður

F R É T T A B R É F

11. tbl. • Nóvember 2002

## Bjartari horfur í iðnaði eftir mikinn samdrátt

Samtök iðnaðarins gerðu nýverið könnun á stöðu og horfum í iðnaði. Könnunin náði til 80 stórra og meðalstórra og fyrirtækja í hinum ýmsu greinum iðnaðar með samtals um 5,300 starfsmenn.

Samkvæmt áætlunum þessara fyrirtækja dregst velta í iðnaði í ár saman um tvö prósent að nafnvirði eða sjö prósent að raunvirði (að frádrögnum verðbreytingum). Mestur varð samdrátturinn í byggingastarfsemi, jarðvinnu og upplýsingatekni en nokkur vöxtur í matvæla- og drykkjariðnaði. Á árinu er áætlað að fjárfesting iðnfyrirtækja hafi dregist saman um nær 15 prósent að raunvirði. Þorri fyrirtækja í iðnaði hefur því gengið gegnum mikinn samdrátt á þessu ári.

Fjöldi starfsmanna var, á heildina lítið, óbreyttur frá ársbyrjun fram í október. Árstíðabundin fjölgun starfsmanna í fyrirtækjum í jarðvinnu kom í stað fækkunar í mannhaldi fyrirtækja í upplýsingatekni. Nú, þegar vetur er genginn í garð, ráðgera fyrirtæki í jarðvinnu að fækka starfsfólki töluvert og stöðnun í byggingastarfsemi útskýrir meiri fækkun þar. Nokkru minni samdráttur verður hjá fyrirtækjum í matar- og drykkjariðnaði og í málm- og skipasmíðum. Samtals er ráðgert að fækka starfsfólki í iðnaði um þrjú og hálf prósent fram að áramótum.

Á næsta ári er spáð að velta iðnfyrirtækja í heild aukist um tvö prósent að raunvirði. Batahorfurnar eru hvað bjartastar í upplýsingatekni og prenti. Þó er lítilsháttar samdráttar að

venta í byggingastarfsemi og jarðvinnu á komandi ári. Taka ber fram að þessi spá gerir ekki ráð fyrir stóriðjuframkvæmdum. Ef af þeim verður munu horfur í þessum greinum, ásamt málm- og skipasmíðum, batna til muna.

Í ljósi þess að mörg fyrirtæki eru að ljúka aðgerðum til að hagræða í rekstri og að samdráttur hefur verið í fjárfestingum í ár er því spáð að fjárfestingar aukist yfir fjörutíu prósent á komandi ári. Miklar fjárfestingar hjá einu fyrirtæki í prenti hafa talsverð áhrif til hækkunar. Án þeirra hefði samdráttur í fjárfestingum verið meiri í ár og minni uppsveiflu að vanta á næsta ári. Mestri aukningu í fjárfestingu utan prentgeirans er spáð í matvæla- og drykkjariðnaði og plast- og veiðarfæraergerð en þar gæti fjárfesting aukist yfir fjörutíu prósent. Horfur eru á að fjárfesting í málm- og skipasmíðaiðnaði aukist um fimmtán prósent en áframhaldandi samdrætti er spáð í fjárfestingum á sviði upplýsingatekni.

*Þorsteinn Þorgeirsson*

### Meðal efnis:

Mistækir reglusmiðir  
Ritstjórnargrein 2



Vistvæn byggingastarfsemi  
Ráðstefna 14. nóvember 3

Rannsóknarþjónustan Sýni hlaut  
Fjöggið MNI 2002 5



Héðinn hf.  
- 80 ára - 6-7



Misskildar tilskipanir dýru verði keyptar 8

6. Rannsóknáætlun ESB  
Ráðstefna 22. nóvember 8

Framtíðarsýn UT-iðnaðar kynnt iðnaðarráðherra 9

### Könnun Samtaka iðnaðarins á stöðu og horfum í iðnaði 16. - 29. október 2002

ATVINNUGREIN	FJÖLDI FYRIR-TÆKJA	AUKNING VELTU %		VÖXTUR FJÁRFESTINGA %		FJÖLDI STARFSMANNA*			Breyting starfsmanna %
		2002	2003	2002	2003	Jan.02	Okt.02	Des.02	
Matvæli- og drykkir	11	7,5	2,4	-9,8	46,5	103,7	104,7	102,5	-2,1
Málm- og skipasmíðar	13	1,4	3,3	-31,0	14,4	30,9	29,4	28,8	-1,8
Prent	13	0,7	5,8	77,3	178,4	74,9	72,9	72,6	-0,4
Plast og veiðarfæri	7	-1,5	3,5	-51,9	40,1	47,6	44,1	44,1	0,0
Upplýsingatekni	13	-5,6	13,0	-7,5	-1,2	83,2	74,8	74,8	0,1
Jarðvinna	11	-9,2	-0,3	-63,2	2,9	62,7	73,3	65,6	-10,4
Byggingar og málning	12	-11,6	0,6	-42,6	1,8	58,3	59,3	54,1	-8,8
Heild**	80	-2,2	4,4	-10,3	46,0	73,8	73,6	71,2	-3,4

\*) meðaltal fjölda starfsmanna í fyrirtækjum innan atvinnugreina

\*\*) vegin meðaltöl

# Mistækir reglusmiðir

**Því hefur verið haldið fram með réttu að umbætur í starfsskilyrðum atvinnulífsins hafi skilað þjóðinni ótrúlegum ávinningi á undanförunum árum. Því verður heldur ekki á móti mælt að mikill hluti þessara umbóta á rót sína beint eða óbeint að rekja til alþjóðlegra samninga sem við höfum gert. Þar sker EES – samningurinn sig úr. Engu að síður veltur þó enn mest á því hvernig við stöndum okkur sjálf í því að setja okkur reglur þótt oft sé gerð krafa um tiltekna samræmingu vegna samninga okkar við önnur ríki.**

## Sjálfs er höndin hollust

Andstaðingar alþjóðlegrar samvinnu á Íslandi, sem eru enn ótrúlega margir og í öllum flokkum, halda því gjarna fram að þeir séu hlyntir alþjóðlegri samvinnu en vilja bara að Íslendingar viðhaldi fullveldi sínu óskertu og telja að hag okkar sé best borgið með því að við gerum samninga á eigin spýtur. Þeir vilja helst að sem frjáls og fullvalda þjóð getum við gert þær breytingar á samkeppnislögum, skatta-

lögum, reglum um opinber innkaup og öðrum starfsskilyrðum sem okkur sýnist.

## Maðkar í mysunni

Þetta kann að hljóma vel. Auðvitað viljum við gjarna ráða okkur sjálf og setja okkur þær reglur sem okkur sjálfum hentar. Vandamálið er það að við erum ekki ein í heiminum og erum t.d. hluti af innri markaði EES. Við höfum samið um að fara að þeim reglum sem ESB ríkin hafa komið sér saman um. Þótt ýmsum þjóðernissinum þyki þetta afleitt þá sýnir reynslan að flestar þessar reglur henta okkur ágætlega. Mestu vandkvæðin í þessu sambandi koma upp þegar embættismenn í stofnunum og ráðuneytum finna hjá sér þörf til að búa til reglur sem engin skylda er að taka upp hér eða lauma inn í EES reglurnar alls konar viðbótum og breytingum sem enga stöð eiga í Evrópureglunum.



## Vitlausar reglur og óþarfar

Gott dæmi um þetta eru hinar undarlegu og þarflausu reglur um rekstrarleyfi til fólks-, efnis- og vöruflutninga. Í fyrsta lagi hefur enginn getað bent á þörfina fyrir þessar reglur. Í öðru lagi er útilokað að átta sig á því hvaða reglum er byggt á þegar sagt er að setja þurfi slíkar reglur vegna „skuldbindinga“ Íslands samkvæmt EB gerðum. Síðan er bætt gráu ofan á svart með því að láta Vegagerðina heimta rekstraráætlanir, ársreikninga, sakavottorð o.s.frv. af forráðamönnum verkataka- og iðnfyrirtækja sem þessar reglur áttu að sögn aldrei að ná til. Tilgangurinn virðist sá einn að selja þeim gula miða á kr. 1.400 stk. til að líma í framrúður bílanna. Til hvers veit enginn. Fáránleg fjáröflun byggð á óþörfum reglum.

## Ólög sem standa óhöggð

Í rúm fjögur ár hafa breytingar á hafnalögum þvælst í kerfinu án niðurstöðu. Þó eru liðin þrjú ár síðan samkeppnisráð beindi því til samgönguráðherra „að hlutast verði til um breytingar á hafnarlögum

þannig að skapað verði lagaumhverfi fyrir virka samkeppni í rekstri hafna, samanber markmið samkeppnislaga.“ Á grunni núgildandi hafnalaga, er gefin út samræmd gjaldskrá, vörugjöld lögð á alla nema þá, sem mest nota hafninar og tekjur færðar milli hafna. Þetta stenst ekki samkeppnislög. Það hefur legið fyrir í þrjú ár. Er beðið eftir því að ESA skerist í leikinn og reki stjórnvöld til úrbóta?

## Augljós vandi en ekkert gerist

En gengur okkur þá ekki betur á heima-velli þar sem torskildar reglur ESB eru ekki að flækjast fyrir stjórnvöldum? Ekki virðist það einhlítt. Í átta ár hafa Samtök iðnaðarins og Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja barist fyrir því að virðisaukaskattur verði innheimtur af hugbúnaðargerð og –þjónustu á vegum fjármálfyrirtækja og opinberra stofnana sem að öðru leyti eru ekki virðisaukaskattskyld. Auðvitað veldur þetta því að þessir aðilar byggja upp eigin starfsemi á þessu sviði og komast þannig hjá greiðslu virðisaukaskatts svo lengi sem skattyfirvöld grípa ekki í taumana. Enginn vafi leikur þó á um skattskylduna. Bæði ríkisskattstjóri og fjármálaráðuneyti hafa úrskurðað um það fyrir mörgum árum. Samt gerist ekkert annað en það að skjalabunkarnir um málið hrannast upp. Þarna þurfum við ekkert leyfi frá Brussel. Allir eru sammála um að þetta skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja á almennum markaði sem verða að innheimta og standa skil á virðisaukaskatti af sambærilegri þjónustu.

## Rök fyrir ríkisvæðingu?

Málið ristir dýpra því að þessi óvissa og mismunun hamlar gegn einkavæðingu og færslu verkefna frá opinberum aðilum til einkaaðila. Það munar um það hvort greiða þarf 24,5% virðisaukaskatt eða ekki. Svo tekið sé nýlegt dæmi, þá voru ein rökinn fyrir því að breyta Skráningarstofni ehf. í Umferðarstofu einmitt þau að það væri ódýrara að annast þjónustuna á vegum ríkisstofnunar af því að þá þurfi ekki að innheimta virðisaukaskatt! Góð rök á tímum einkavæðingar.

*Sveinn Hannesson*



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
11. tbl. Nóvember 2002  
ISSN 1022-7741  
Fór í prentsmiðju: 8.11. 2002  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.  
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán,

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík  
Sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is, e-mail:thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Málfráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir á slíkum tilvikum.

# Agora - verðlaunin í hlut Össurar - Skýrr fremst meðal jafningja



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir afhendir Sigurði Ásgeirssyni hjá Össuri hf. Agora - verðlaunin



F.v. Hreinn Jakobsson forstjóri Skýrr og Konráð Hatlemark Olavson frá markaðsdeild Mbl.

Agora sýningin, sem haldin var í Laugardalshöll dagana 10. – 13. október, þótti takast með miklum ágætum. Sýnendur voru 90 talsins en um átta þúsund manns sóttu sýninguna. Þar af voru gestir á lokaðri fagsýningu 6 þúsund en tvö þúsund sóttu opna hlutann.

Össur hf. hlaut Agoraverðlaunin sem veitt voru í tengslum við sýninguna en þetta er í fyrsta sinn sem þau eru veitt. DomesticSoft hlaut sprotaverðlaunin en fyrirtækin Nýmiðlun og Greind hlutu verðlaun fyrir besta básinn á sýningunni.

Lesendur Morgunblaðsins greiddu Skýrr flest atkvæði í atkvæðagreiðslu á vefsetri

Morgunblaðsins, mbl.is, um hvaða fyrirtæki væri fremst meðal jafningja.

Ákveðið hefur verið að næsta Agora sýning verði haldin dagana 7. – 9 október að tveimur árum liðnum.

*Bóra Kristín Jónsdóttir*

## Vistvæn byggingastarfsemi

**Ráðstefna á Grand Hótel fimmtudaginn 14. nóvember 2002, kl. 9:00 – 16:00**

Á ráðstefnunni verður hugtakið vistvæn byggingariðnaður kynnt, fjallað um stöðu byggingariðnaðar á Íslandi í ljósi sjálfbærrar þróunar og málefnið rætt í tveimur málstofum. Ljóst er að við erum nokkuð á eftir öðrum þjóðum Evrópu hvað varðar þessi mál. Ráðstefnan er hugsuð sem tilraun til að koma umræðunni af stað og vera hvatning til allra þeirra sem hagsmunum

eiga að gæta í byggingariðnaðinum.

Viðfangsefnið verður allt ferlið frá „skipulagi til niðurrifs,“ hvernig samstarf hönnuða og framkvæmdaraðila þarf að vera til að ná markmiði um vistvænan byggingariðnað á Íslandi og hvaða hlutverki opinberir aðilar gegna til að svo megi verða.

Ráðstefnan er ætluð öllum þeim sem

koma að byggingarmálum: skipulagsyfyrvöldum, arkitektum, hönnuðum, verk-tökum, verkfræðistofum, rannsóknastofnunum, umhverfisstofnunum, sveitarstjórn-um og heilbrigðisyfyrvöldum.

Þátttaka tilkynnist skrifstofu TFÍ/VFÍ í síma 568 8511 eða á netfang logi@vfi.is.

*Eyjólfur Bjarnason*



Samtök iðnaðarinnar

Association of Icelandic Industries

## Iðnþing Samtaka iðnaðarins 2003

**Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið 14. mars nk. í Versölum, Hallveigarstíg 1. Dagskrá Iðnþings verður birt í febrúarblaði Íslensks iðnaðar og á vefsetri SI [www.si.is](http://www.si.is)**

# Nýr samstarfssamningur SI og félagsvísindadeildar HÍ

Nýlega undirrituðu Samtök iðnaðarins og félagsvísindadeild Háskóla Íslands v/náms í námsráðgjöf nýjan samstarfssamning um þann hluta Iðunnar sem fjallar um nám og störf.

Þetta er í þriðja sinn sem samningurinn er gerður og eru aðstandendur hans mjög ánægðir með samstarfið sem gagnast hvorum tveggja. Samtök iðnaðarins geta veitt ungu fólki áreiðanlegar upplýsingar um nám og störf, upplýsingar sem unnar eru af sérfræðingum í slíkri miðlun. Nám í námsráðgjöf fær með þessu samstarfi kjörinn vettvang til starfsþjálfunar nema við HÍ um leið og til verður mikilvægt og



F.v.: Ólafur Þ. Harðarson, forseti félagsvísindadeildar HÍ, Gnðbjörg Vilhjálmsdóttir lektor í námsráðgjöf við HÍ og Jón Steindór Valdimarsson, aðst.framkv.stj. SI



öflugt hjálparteki fyrir alla þá sem vinna að náms- og starfsráðgjöf.

Eins og kunnugt er hlutu Samtök iðnaðarins nýlega Starfsmenntaverðlaunin 2002 fyrir Iðuna.

**Auk Iðunnar eiga Samtök iðnaðarins og reka m.a. vefsetrin:**

- si.is (aðalvefsetur Samtakanna)
- ut.is (vefsetur íslensks upplýsingatækniöndar)
- meistarinn.is (... þar sem þú finnur fagmanninn)
- gsi.is (gæðastjórnun iðnaðarins)

Haraldur D. Nelson  
Jón Steindór Valdimarsson



## Nýir félagsmenn

**Gagarín ehf.**

**Höfðabakka 9**

**110 Reykjavík**

**Starfsemi: Hugbúnaðariðnaður**

**Hreimur ehf.**

**Lynghálsi 10**

**110 Reykjavík**

**Starfsemi: Hugbúnaðariðnaður**

**Ax hugbúnaðarhús hf.**

**Skeifunni 8**

**108 Reykjavík**

**Starfsemi: Hugbúnaðariðnaður**

## Iðnmenntun - forsenda iðnvæðingar

Á fundi Iðnskólafélagsins í haust var kynnt bréf sem stjórn félagsins ritaði menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra fyrir skömmu. Kjarni þess er ósk um að iðnmenntun verði eflð þegar fyrir dyrum stendur viðamesta iðnvæðing hér á landi.

Í bréfinu segir m.a.: „Iðnskólafélagið leyfir sér að lýsa yfir áhyggjum af stöðu iðnmenntunar á sama tíma og hagsæld þjóðarinnar á allt undir vaxandi verk- og tækniþekkingu í atvinnulífinu.

**Iðnskólafélagið lýsir yfir áhyggjum af stöðu iðnmenntunar á Íslandi.**

Iðnskólafélagið skorar á stjórnvöld að marka stefnu í málefnum iðnmenntunar í samræmi við stórbrotna iðn- og tæknivæðingu hér á landi.

Iðnskólafélagið skorar á fjárlaganefnd að beita sér fyrir því að tryggja fjárhagslega stöðu iðnmenntunar í landinu í samræmi við þarfir fyrirtækja fyrir vel menntað fólk.“



Minnt er á að framundan séu stærstu verklegar framkvæmdir Íslandssögunnar. Í kjölfar þeirra opnast ótakmarkaðir möguleikar á alþjóðamörkuðum fyrir dýrmæta framleiðslu. Þessu nýja umhverfi fylgja kröfur um að verk- og tæknistigi þjóðarinnar verði lyft á hærri stig til frambúðar. Iðnskólafélagið spyr hvort löggjafar- og framkvæmdavaldi sé ljóst að á sama tíma og þessar kröfur aukast molni hægt og örugglega undan því skólakerfi sem eigi að bera uppi verklega og tæknilega þekkingu.

Fundarmenn tóku undir efni bréfsins og töldu löngu tímabært að stjórnvöld mörkuðu skýra stefnu í málefnum iðn- og starfsmenntunar. Ekki væri seinna vænna að efla iðnmenntun í landinu.

Á fundinum var kynnt skipulag á heimsóknna iðnkennara í fyrirtæki og lagðar fram hugmyndir um stofnun „Endurmenntunarsjóðs Iðnskólafélagsins.“

Ingi Bogi Bogason

# Rannsóknarþjónustan Sýni hlaut Fjöreggið á Matvæladegi MNÍ 2002

Fjöregg MNÍ var afhent á Matvæladegi Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands sem var haldinn í október. Ragnheiður Héðinsdóttir, Samtökum iðnaðarins afhenti Fjöreggið í þetta sinn en Samtökin hafa frá upphafi gefið gripinn. Í dómnefnd, sem Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands skipar, sátu Sveinn Hannesson, Samtökum iðnaðarins, formaður, Haukur Bragason, Skoðunarstofunni Sýni og Svava Engilbertsdóttir, Landspítala háskólasjúkrahúsi.

Niðurstaða dómnefndarinnar varð sú að Rannsóknarþjónustan Sýni skyldi hljóta Fjöreggið að þessu sinni. Rannsóknarþjónustan Sýni ehf. býður alhliða ráðgjöf og þjónustu við matvælafyrirtæki og fóðurfraeðingendur. Sérstök áhersla hefur verið lögð á gæðamál, fræðslu og úrlausnir ýmissa vandamála. Þá standa til boða ör-



Ásta Guðmundsdóttir, gæðastjóri Rannsóknarþjónustunnar Sýnis (l.v.), tók við Fjöregginu af Ragnheiði Héðinsdóttur, Samtökum iðnaðarins

verumælingar, t.d. vegna mats á ferskleika, efnagreiningar vegna næringargildismæringar, aðstoð við uppsetningu og viðhald

innra efurlits, hreinlætisefurlit og ýmiss konar fræðsla og námskeið fyrir starfsfólk í matvæla- og fóðuriðnaði. Í því sambandi má geta þess að fyrirtækið hefur komið til móts við vaxandi þarfir fyrirtækja fyrir fræðsluefni handa erlendum starfsmönnum með því að bjóða námskeið á ýmsum tungumálum með aðstoð túlka. Bæklingar eru prentaðir á íslensku, ensku, tælensku og pólsku.

Rannsóknarþjónustan Sýni ehf. rekur einu einkareknu prófunarstofuna á þessu sviði og þótti dómnefnd fyrirtækið hafa sýnt þrautseigju í harðri samkeppni. Rannsóknarþjónustan Sýni hefur fengið faggildingu skv. IST EN ISO/IEC 17025 staðlinum fyrir algengustu efna- og örveruþrófanir.

Samtök iðnaðarins óska starfsfólki Rannsóknarþjónustunnar Sýnis hjartanlega til hamingju með Fjöreggið.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Árangur í stærðfræði á samræmdum prófum í 10. bekk :

## Frábær frammistaða nemenda Álftamýrarskóla og Reykhólaskóla




„Hagsmunafélagið“ veitti nýlega tveimur grunnskólum viðurkenningu: Álftamýrarskóla fyrir hæstu meðaleinkunn 10. bekkjar í stærðfræði vorið 2002 og Reykhólaskóla fyrir hæstu meðaleinkunn sl. þrjú ár.

Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar heiðraði fyrir skömmu

Álftamýrarskóla í Reykjavík og Reykhólaskóla í Reykhólasveit fyrir framúrskarandi árangur nemenda 10. bekkjar í samræmdum prófum í stærðfræði sl. vor. Báðir skólarnir hlutu viðurkenningskjal og peningaverðlaun; Álftamýrarskóli fyrir hæstu meðaleinkunn vorið 2002 og Reykhólaskóli fyrir hæstu meðaleinkunn sl. þrjú ár. Skólunum er frjálst að nýta féð til að bæta aðstæður til raungreinakennslu.

Þetta er í fjórða sinn sem Hagsmunafélagið heiðrar skóla og einstaklinga fyrir gott framtak á sviði raungreinakennslu. Að félaginu standa Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Samtök iðnaðarins, Tækniskóli Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands.

Ingi Bogi Bogason



# Héðinn hf. við steðjann í 80 ár

Vélsmiðjan Héðinn hf., elsta og öflugasta málmíðnaðarfyrirtæki landsins, fagnar 80 ára afmæli sínu á þessu ári en hún var stofnuð í Reykjavík síðla árs 1922.

Stofnendur og aðaleigendur fyrirtækisins, Markús Ívarsson og Bjarni Þorsteinsson ráku fyrirtækið í upphafi en lengst af var Sveinn „í Héðni“ Guðmundson forstjóri en undir hans stjórn óx Héðinn mjög og dafnaði. Núverandi framkvæmdastjóri er Guðmundur S. Sveinsson. Lengi vel var Héðinn fjölskyldufyrirtæki en er nú opið hlutafélag í blandaðri eign.



Listaverk Huldu Hákonar

## Gamalt fyrirtæki á nýjum stað

Það varð fyrirtækinu mikil lyftistöng þegar þungamiðja starfseminnar fluttist úr gömlu margra hæða húsi í Vesturbæ Reykjavíkur í nýtt 6 þúsund fermetra hús á „einu gólf“ í Garðabæ. Guðmundur Sveinsson, framkvæmdastjóri, segir að aðstaðan sé eins góð og hægt sé að hugsa sér. Þar sé hátt til lofts og vítt til veggja. Lóðin

henti vel, sé miðsvæðis, aðkoman góð og tækjabúnaður eins og best verði á kosið.

## Aftur til upprunans

Árið 1992 var fyrirtækið rekið sem þrjár sjálfstæðar einingar, Garðastál, Smiðja og Verslun en hver um sig var gerð að sjálfstæðu hlutafélagi árið 1995. Síðar voru Garðastál og Verslunin seld og nú einbeittir Héðinn hf. sér að þjónustu við útgerð og fiskimjölsverksmiðjur eins og til var stofnað í upphafi.

„Það ánægjulegasta við þetta,“ segir Guðmundur, „er að þessi gamla eining sem á rætur sínar að rekja til 1922 hefur gengið afskaplega vel undanfarin ár enda höfum við verið heppin bæði með verkefni og starfsmenn sem nú eru 90 talsins. Við höfum skilað hagnaði ár eftir ár á sama tíma og aðrir í sama bransa hafa átt erfitt. Velgengnin er einkum fólgin í því að fyrirtækið stendur á gömlum merg og andinn hefur verið góður frá upphafi og hér hafa alla tíð starfað úrvalsmenn. Við eigum afar sterka og öfluga Tæknideild þar sem starfa tæknifræðingar og verkfræðing-

ar og sú deild er bakhjarl í öllu sem kallast stórverkefni. Síðast en ekki síst er fjárhagslega staðan afskaplega sterk þannig að við eigum að þola smááfall og erfða tíma ef þeir renna upp.

## Öflug starfsemi innanlands sem utan

Fyrirtækið þjónar bæði fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi en líka mjög víða erlendis og þau verkefni fara mjög vaxandi að sögn Guðmundar. „Við höfum keypt meirihluta í fyrirtæki í Noregi sem þjónar þarlandum iðnaði, ekki síst olu-iðnaðinum. Dótturfyrirtæki Héðins í Noregi hefur samið við Norsk Hydro um gegngera endurnýjun á gashiturum um borð í risavöxnum borpalli í Norðursjónum. Í því verkefni felst mikil viðurkenning en það verður bæði flókið og vandasamt ekki síst vegna þess að pallurinn verður í fullum rekstri meðan á verkinu stendur.“

## Þjónusta við útgerðarfyrirtæki innanlands sem utan

Héðinn sérhæfir sig í þjónustu við útgerðarfyrirtæki hvað varðar vélbúnað í



Gufuháfur

stærri skipum, einkum aðalvél, víra, skrúfur og spil sem tengjast veiðarferum svo að nokkuð sé nefnt. „Gegnum þessa starfsemi höfum við verið í miklum tengslum við norska fyrirtækjalínu sem nú er í eigu Rolls Royce og gengur undir nafninu Rolls Royce Marine og við erum umboðsmenn þess. Við erum með sérhæfða þjónustumenn sem kunna á þessi tæki og þeir hafa verið sendir út um allan heim á vegum Rolls Royce Marine. Þannig hefur útrás Héðins orðið í þeim geira. Viðskiptatengsl okkar liggja því víða eða þar sem skipin eru hverju sinni.“

### Stórverkefni í Helguvík og Færeyjum

„Helsta stolt okkar á afmælisárinu er afar spennandi verkefni sem hæfir okkur mjög vel en það er sorp-brennslustöðin í Helguvík á Reykjanesi sem nú er í smíðum og á að ljúka á næsta ári. Verkefnið er mjög stórt og kostar um 750 milljónir króna. Þetta er svokallað „turn key“ verkefni eða heildarlausn sem er fólgin í því að við tökum við lóðinni og afhendum eigendum lykllana þegar allt er frá gengið. Lausnin er eins og lofað var, verkinu skilað á umsömdum tíma og innan þess fjárhagsramma sem viðskiptavinurinn setti.“



Fiskimjölsverksmiðjur hafa um áratuga-skeið verið annar aðalmarkhópur Héðins og hafa átt stóran þátt í þróun þess iðnaðar hér á landi. Nú er fjöldi manns á vegum Héðins að leggja lokahönd á viðamikild verkefni í færeysku fiskimjölsverksmiðjunni Havsbrún en það verk er liður í umfangsmikilli stækkun verksmiðjunnar sem Héðinn hefur borið hita og þunga af í samvinnu við norska fyrirtækið Stord-Bartz. Að því verki loknu verður Havsbrún ein afkastamesta fiskimjölsverksmiðja á Norður-Atlantshafi að sögn Guðmundar.

### Forréttindi Járnsteypannar

Járnsteypan, sem stofnuð var árið 1905, er eina framleiðslueiningin í eigu Héðins hf. sem enn er til húsa á gömlu lóðinni við Héðinshúsið í Reykjavík og hefur um árabíl smíðað hvers kyns hluti sem notaðir eru m.a. í gatnakerfi borgarinnar, s.s. ristar og brunnlök að ónefndum gamalkunnum garðbekkjum.

Guðmundur segir að þeim Héðinsmönnum sé afskaplega annnt um þessa gömlu járnsmiðju. Ekki síst njóti þeir þess að vinna með þeim mörgu listamönnum, einkum myndhöggvurum, sem þangað koma með verk sín til að fá þau steipt í mál. „Það eru forréttindi okkar, sem vinnum í þessu umhverfi, að fá að starfa með listamönnum og Járnsteypan nýtur þess að steypa fyrir „elítuna“ í hópi viðurkenndra listamanna,“ segir Guðmundur S. Sveinsson.

Samtök iðnaðarins árna Héðni hf. allra heilla í tilefni afmælisins.

*Bóra Kristín Jónsdóttir*



*Vinna við skrúfuþétti*



# Misskildar tilskipanir dýru verði keyptar

Það er mikið fagnaðarefni að innan stjórnarráðsins eru menn að vakna til vitundar um að hugsunarlaus þátttaka í alþjóðlegu samstarfi getur verið dýru verði keypt. Skýrsla viðskiptaskrifstofu utanríkisráðneytisins um þátttöku Íslands í nefndum Evrópusambandsins hefur þegar vakið athygli og umræður. Í skýrslunni, sem var lögð fram á fundi ríkisstjórnarinnar í gær, er m.a. bent á dæmi um að íslenska stjórnvöld hafi misskilið löggjöf frá Evrópusambandinu svo við hefur legið að efnt yrði til stórutgjalda algjörlega að óþörfu.

Samtök iðnaðarins hafa ítrekað orðið þess vör á undanförunum árum að rangur skilningur á reglum frá Brussel er orðið vandamál í íslensku stjórnvöldum. Nýjasta dæmið er umfangsmikið eftirlitskerfi með landflutningum sem búið er að taka upp á Íslandi. Vegagerðin annast eftirlitið og stöðvar nú bíla á vegum landsins til að kanna hvort eigendur þeirra hafi greitt sérstakt rekstrarleyfsgjald.

Samgönguráðuneytið gaf út í desember á síðasta ári reglugerð nr. 983/2001 um



vöru- og efnisflutninga á landi. Þar eru gerðar miklar og íþyngjandi kröfur til flutningsaðila, m.a. um að þeir framvísi skjölum af margvíslegu tagi þegar sótt er um rekstrarleyfi svo sem rekstraráætlunum fyrir yfirstandandi ár og hið næsta, staðfestingu löggilts endurskoðanda, sakavottorð og yfirlýsingar frá sveitarfélagi um að viðkomandi skuldi ekki opinber gjöld.

Tilgangurinn með þessu umfangsmikla eftirlitskerfi er alls óljós og er ekki skilgreindur af samgönguráðuneytinu í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 73/2001 sem var undanfari reglugerðarinnar. Svo virðist sem íslenska stjórnvöld hafi staðið í þeirri trú að hún yrði að taka upp þetta umfangsmikla kerfi vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningum. Þegar betur er að gáð sést að það er misskilningur.

Kjarni málsins er að tilskipanir Evrópusambandsins á þessu sviði eiga við um flutninga á landi milli ríkja en slíkir flutningar eru augljóslega lítt stundaðir til og frá Íslandi. Tilskipanir ESB eru forsagnir um grundvallarmarkmið sem einstökum ríkjum er gefið frelsi til að útfæra í eigin landi. Í stað þess að veita og meta tilskipanir ESB um landflutninga og rétt viðbrögð í ljósi þeirra og íslenskra aðstæðna, verður ekki betur séð en að í reglugerð samgönguráðuneytisins hafi allt verið tekið upp hrátt án mikillar umhugsunar. Niðurstaðan er íslensk reglugerð sem inniheldur mun fleiri og þar með strangari skilyrði en Evrópusambandið hefur nokkurn tíma gert ráð fyrir. Þarna gengur íslenska ríkið harðar fram í íþyngjandi reglusetningu en önnur ríki hafa gert og hafa mörg þeirra þó verið fullgildir aðilar að Evrópusambandinu árum saman.

Reglugerðaróhappið nr. 983/2001 verður að lagfæra sem fyrst. Það er vísbending um hversu miklar ógöngurnar eru að eftir aðeins nokkra mánuði í framkvæmd er eftirlitskerfið orðið svo dýrt í rekstri að stjórnvöld hafa hækkað eftirlitsgjaldið um heil 40 prósent. Kostnaður af hinu heimatilbúna íslenska skrifræði mun áreiðanlega halda áfram að vaxa verði ekki gripið í taumana strax.

*Kristrún Heimisdóttir*

## Ráðstefna til kynningar á 6. rannsóknáætlun ESB

22. nóvember á Hótel Loftleiðum

Sjötta rannsóknáætlun Evrópusambandsins hefst í lok þessa árs. Eins og fyrri áætlanir felur hún í sér samvinnu um rannsóknir og tækniþróun og lítið er á áætlunina sem lið í að byggja Evrópu upp sem eitt vísindasvæði.

Samvinnan tekur til aðilarlanda Evrópusambandsins, þeirra ríkja sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu, EES/EFTA ríkjanna og þeirra ríkja sem gera tvíhliða samninga um aðild, s.s. Ísraels, Tyrklands, Kýpur og Möltu. Sem fyrr geta þátttakendur verið einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og Háskólar.

Undirbúningur áætlunarinnar er á fullri ferð í Brussel og eru lýsingar á einstökum undiráætlunum (workprogrammes) óðum að líta dagsins ljós. Í lok október var landstengiliðum allra undiráætlaða boðið á námskeið til Brussel til að reyna að tryggja sem best upplýsingaflæði til aðilarlandanna.

Rannsóknáætluninni verður formlega hleypt af stokkunum með þriggja daga ráðstefnu í Brussel 11.-13. nóvember nk. og í framhaldi af henni verður áætlunin kynnt ítarlega hér á landi á kynningar-ráðstefnu á Hótel Loftleiðum föstudaginn 22. nóvember næstkomandi. Þangað koma margir af sérfræðingum framkvæmda-

stjórnar ESB á sviði rannsókn- og þróunar og gera grein fyrir þátttökureglum og helstu sviðum sem Íslendingar eiga besta möguleika á að taka þátt í. Hluti ráðstefnunnar fer fram á ensku.

Í tengslum við ráðstefnuna verður efnt til sýningar, Evrópuhúss 2002, í Perlunni dagana 23.-24. nóvember. Þar munu upplýsingaskrifstofur um Evrópuáætlanir á Íslandi kynna möguleika Íslendinga á þátttöku í evrópskum samstarfsverkefnum á sviði vísinda, menntunar, menningar og nýsköpunar.

Nánari upplýsingar og dagskrá fundarins er að finna á vefsetri Samtaka iðnaðarins, [www.si.is](http://www.si.is)

*Ragnheiður Hédinsdóttir*







## Sigursælir kjöt- iðnaðarmeistarar

Íslenskir kjötiðnaðarmeistarar sópuðu að sér verðlaunum á sýningunni Interfair, sem var haldin í Herning á Jótlandi í haust.

Hún er haldin annað hvert ár og er ein stærsta matvælasýning sem haldin er á Norðurlöndum. Í tengslum við sýninguna fer fram keppni kjötiðnaðarmanna og hafa Íslendingar tekið þátt í henni um árabil með góðum árangri. Svo var einnig nú en alls sendu Íslendingar inn rúmar 30 vörur til keppinnar og fengu verðlaun fyrir 21 þeirra, 5 gull, 9 silfur og 7 brons, þannig að verðlaunahlutfall íslensku varanna var milli 60 og 70%. Þess má geta að verðlaunahlutfall í heild var á bilinu 40-50%.

Hugsanleg skýring á velgengni Íslendinga er sú að íslenskir kjötiðnaðarmeistarar kepptu nýlega í hliðstæðri keppni á sýningunni Matur 2002 í apríl á þessu ári og voru þess vegna í góðri þjálfun. Allar innsendar vörur eiga sömu möguleika á verðlaunum en stig eru dregin frá fyrir galla. Kjötiðnaðarmeistarar Sláturfélags Suðurlands voru sérlega sigursælir en þeir fengu alls 11 verðlaun. Þar að auki hlaut Oddur Árnason, Sláturfélagi Suðurlands, Norðurlandameistaratitil í flokki magurra vara fyrir léttu lifrarkæfu. Samtök iðnaðarins eru mjög stolt af íslenskum kjötiðnaðarmönnum og óska þátttakendum öllum til hamingju með árangurinn.

*Ragnheiður Hédinsdóttir*



## Fjölmenur hópur á véla- og tækjasýningu í Þýskalandi

Það var myndarlegur hópur 35 manna sem fór á vegum Samtaka iðnaðarins á véla- og tækjasýninguna Euro-Blech í Hannover í lok október. Sýningin, sem haldin er annað hvert ár, er talin ein sú besta fyrir smiðjur sem vinna úr ryðfrú stáli fyrir matvæla- og fiskiðnað eða úr þunnmálmum eins og blikksmiðjur.

Á sýningunni var mikið skoðað, þreifað og þreifað og velt vöngum. Nokkrir menn keyptu tæki og vélar og öfluðu gagna til að skoða betur á heimaslóð áður en ákvarðanir verða teknar.

Ljóst er að ferð á sýningu sem þessa er mjög nauðsynleg, bæði til að flytja inn nýja tækni til að auka gæði og framleiðni en ekki síður til að fylgjast með því sem er að gerast í faginu og meta stöðu sína út frá því. Þess utan kynnast menn vel í slíkum ferðum og þau kynni hafa oft leitt til samráðs milli fyrirtækja og jafnvel samvinnu.

Hér á síðunni eru nokkrar svipmyndir af íslenskum þátttakendum á Euro-Blech á því herrans ári 2002.

*Ingólfur Sverrisson*



**þar sem þú finnur fagmenn!**

# Framtíðarsýn UT-iðnaðar kynnt iðnaðar- ráðherra

Fyrir nokkru var haldinn kynningarfundur með iðnaðarráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra iðnaðarráðuneytisins um nýja stefnu og áhersluþætti UT-iðnaðar til ársins 2006.

Á fundinum, sem haldinn var hjá Tölvumyndum hf., var einnig farið yfir þróun og stöðu greinarinnar og lögð fram helstu málefni sem snúa sérstaklega að ráðuneyti iðnaðar og viðskipta. Iðnaðarráðherra tók vel í þær hugmyndir sem þar voru kynntar og hét því m.a. að beita sér í svokölluðu virðisaukaskattmáli. Í lok fundar sagði Friðrik Sigurðsson, forstjóri Tölvumynda hf., frá hugmyndafræði og framtíðarsýn fyrirtækisins.

**Fyrirsagnir úr framtíðarsýn og stefnu UT-iðnaðar:**



Framtíðarsýn til ársins 2006:

- UT-iðnaður hefur tryggt stöðugleika og góð lífskjör og er skilgreindur sem stóriðja framtíðarinnar
- Íslendingar eru leiðandi í notkun upplýsingatekninnar enda er hún ein af meginstöðum í starfi einstaklinga og fyrirtækja
- Öflug útrás og sterk ímynd íslensks UT-iðnaðar á alþjóðlegum markaði

Hvað þarf til?

- Starfsskilyrði í fremstu röð, jákvæð viðhorf og skilning stjórnvalda
- Einfalt og skilvirkt skattkerfi sem örvar nýsköpun og þróun

- Alþjóðavætt menntakerfi sem svarar þörfum upplýsingatekniiðnaðarinnar
- Ásættanleg arðsemi og samkeppnishæfur fjármagnsmarkaður sem skapar fjölbreytta möguleika til fjármögnunar
- Árangursrík nýsköpun byggð á öflugu rannsókn- og þróunarstarfi
- Fagleg og skilvirk stjórnun á öllum rekstrarþáttum UT-fyrirtækja
- Árangursrík alþjóðleg markaðsstarfsemi byggð á góðri ímynd íslenska UT-iðnaðarinnar
- Markvisst samstarf og samvinna stjórnvalda og atvinnulífs eykur framleiðni og bolmagn til markaðs- og þróunarstarfsemi.

*Guðmundur Ásmundsson*

## - Morgunverðarfundur -

# Réttarstaða fyrirtækja gagnvart fyrrverandi starfsmönnum

Í haust héldu Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja morgunverðarfund í samvinnu við Samtök atvinnulífsins um réttarstöðu fyrirtækja gagnvart fyrrverandi starfsmönnum.

Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur hjá SA, ræddi um fyrirbyggjandi aðgerðir s.s. sérstök ákvæði í ráðningarsamningum og aðstæður og starfsanda á vinnustöðum. Hrafnhildur kynnti einnig atriði úr lögum sem tengjast atvinnufrelsi, samkeppnisákvæðum, atvinnuleyndarmálum, höfundarlögum og almennri trúnaðar-skyldu.

Ragnar Árnason, lögfræðingur hjá SA, fjallaði um viðbrögð við brotum og kæruleiðir eins og lögþann, kærur til Samkeppnisstofnunar og bótamál. Ragnar sagði frá mikilvægi réttra viðbragða vegna

sönnunarfærslu og hvernig lögreglan stendur að slíku. Upplýsingaefni frá fundinum og yfirlit yfir hugsanlegar aðgerðir er að

finna á Vinnumarkaðsvef SA.

*Guðmundur Ásmundsson*



# Nýtt útlit á vefsetri Samtaka iðnaðarins

**Samtök iðnaðarins** Microsoft Internet Explorer

Fik Edit View Favorites Tools Help

Address: http://www.sib.is

**SI** Samtök iðnaðarins  
 Borgunartú 20 105 Reykjavík  
 Sími 597 0000 - Fax 597 0107  
 info@si.is - www.sib.is

**5.11.2002**  
**Kynningar á 6. rannsóknáætlun ESB og evrópskum samstarfsáætlunum**  
 Hinn 22. nóv. nk. verður ríkisráðgjafi á ísláttu Leifeldurum til kynningar á 6. rannsóknáætlun ESB. Dagana 23. 24. nóv. verður kynning í Parliinu á evrópskum samstarfsáætlunum sem felast á þóttu þá.

**4.11.2002**  
**Námsskeið í ISO 9000 gæðastjórnunarskiðunum**  
 Stafráttá Íslands standa fyrir námsskeiði firmabudaginn 7. nóvember fyrir þá sem vilja læra á nýja útgáfu ISO 9000 gæðastjórnunarskiðunna.

**1. 11.2002**  
**Vistvæn byggingarstarfsemi**  
 Ráðgjafna á Grand Hotel firmabudaginn 14. nóvember 2002 kallað blum sem koma að byggingarmáttum. Hólað verður um forlög hó skiptalaði til niðurlags.

**1.11.2002**  
**Dannhelgi létt af ESB umræðu**  
 Ínglaga Erl. Besta Þórhildur Þaborg í föstudagsfjallakáttum ESB umræðum létt af hollu dannhelgi laði. Þinglaði á þessum vili. Vískaþinglaðsmaði. vðm an fiskavæðan sáð. vðmín fyrirferðamkling og vðmí stóðu ísláttu vðm ESB í vðmáttu.

**31.10.2002**  
 Bjartni hefur í ísláttu vðmín samráttu.

**28.10.2002**  
 Rannsóknarþjónustan Sjóni hlaut Fjöreyrið 2002

**24.10.2002**  
 Fræðsluáætlunin í fræðslu vðm (World Class Manufacturing)

**23.10.2002**  
 Akureyri og vðmáttu

**22.10.2002**  
 Daneski læsniur vðm ísláttu vðmín og tæknigæðna

**18.10.2002**  
 Gæðna innkaup - ísláttu Íslensku læsniur

**17.10.2002**  
 20. annafun - forsetiur ísláttu vðmín  
 Íslensku skiptalaðiur í vðmín og samkeppni

**16.10.2002**  
 Á hærta vðmín málavæðna í hærðinn  
 Handþing byggingarvæðna

**Árangur í vðmín og tæknigæðna**

**15.10.2002**  
 Stjórnvaldiur ísláttu vðmín og tæknigæðna

Uppsetning kennslu ísláttu ísláttu vðmín og tæknigæðna Ísláttu

**EFST Á DAGI**  
**Íslenskur iðnaður** **Loslaun október 2002**  
**Opinber innkaup**  
 Væðna mál ekki vðmín á vðmín og tæknigæðna. Á vðmín og tæknigæðna vðmín og tæknigæðna. Væðna mál ekki vðmín á vðmín og tæknigæðna. Væðna mál ekki vðmín á vðmín og tæknigæðna. Væðna mál ekki vðmín á vðmín og tæknigæðna.

**VEFIR UM TÖLVAE**  
**idán.is** Íslensku vðmín og tæknigæðna  
**ut.is** Íslensku vðmín og tæknigæðna

**ÍSLANDS FORSÆÐI**  
 Evrópuáttu ESB og vðmín og tæknigæðna  
**GEDA STJORNUN** Gæðna vðmín og tæknigæðna  
**Hagkerfi iðnaðarinn** Hagkerfi iðnaðarinn  
**Íslenskur iðnaður** Íslenskur iðnaður  
**Íslensku vðmín og tæknigæðna** Íslensku vðmín og tæknigæðna  
**Íslensku vðmín og tæknigæðna** Íslensku vðmín og tæknigæðna  
**Íslensku vðmín og tæknigæðna** Íslensku vðmín og tæknigæðna

**Fellows for industry**  
**FELLOWS FOR INDUSTRY** Samstarfsvæðna 12 vðmín og tæknigæðna. Fyrirvæðna og vðmín og tæknigæðna. Væðna mál ekki vðmín og tæknigæðna. Væðna mál ekki vðmín og tæknigæðna. Væðna mál ekki vðmín og tæknigæðna.

**Partners for Life**  
 Fyrirvæðna vðmín og tæknigæðna. Væðna mál ekki vðmín og tæknigæðna. Væðna mál ekki vðmín og tæknigæðna. Væðna mál ekki vðmín og tæknigæðna.

FRAMKVÆMÐAETTILA  
KÍÐINGReykjavíkurborg  
Umhverfi-  
og atvinnulífiðReykjavíkurborg  
Einkaþjónustan

RÍKISKAUP

Orkuveita  
Reykjavíkur

Landsvirkjun



SIGLINGASTOFNUN

Verktakar, hönnuðir og verkkaupar athugið:

# Samræmdar kröfur verkkaupa um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir

Ofangreindir verkkaupar og Samtök iðnaðarins efna til námskeiða um samræmdar kröfur um gæðastjórnun meðal verktaka, hönnuða og verkkaupa við verklegar framkvæmdir á komandi misserum.

Námskeiðin eru ætlað verktökum, hönnuðum, fulltrúum verkkaupa og öðrum þeim sem koma að skipulagi, eftirliti og stjórnun verklegra framkvæmda í mannvirkjagerð og bygg-ingariðnaði. Að undanförmu hafa verið haldin þrjú námskeið (fullbókuð) en þau næstu verða haldin í samræmi við aðsókn á komandi vikum.

Lengd hvers námskeiðs	1 dagur (8 klk)
Hámarksfjöldi á námskeiði	16 manns
Námskeiðagjald	Álmennt verð 19.900 kr. Aðalstarverð* 14.900 kr.
Innifalið í gjaldi	Námsgögn, kaffi og hitur hádegis.

\* Aðalstarverð þessi þyrftu greitt hjá.

## SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ:

Hægt er að skrá sig í síma 591 0100, á vefnum [www.gsi.is](http://www.gsi.is)  
og með tölvupósti á netfangið [gsi@si.is](mailto:gsi@si.is)

Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic IndustriesGÆÐASTJÓRNUN  
ÍSLANDS  
www.gsi.isYFIRVALD, NERÐTILVÍSING  
Í MANNVIRKJERÐI & BORGIR.ÉRFUM  
KONKURS STYRNING, NIÐURTEKING & ÍLLANG  
K. S. Á. 000 200 1700 1000 1000 1000